

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023,**  
**vegna hvera austan Námaskarðs.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. desember 2014 breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 12. nóvember 2014.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði, 370-V, austan Námafjalls og bætt er við skipulagsákvæðin fyrir hverfisverndarsvæði, 326-Hv.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 4. desember 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*